

Íslenskir læknar sem brautryðjendur.

I.

Mikils þótti mér um vert, að sjá vottorð læknisins á Húsavík, Björns Jósefssonar, sem prent-að er í hinni vel rituðu grein hins virðulega öldungs spiri-tismans hér á landi, Málaferlin gegn dularlækningum, Mbl. 16. b. m. Votorð þetta er lækninum til sóma og glæddi vonir mínar um að íslenskir læknar kynnu að vilja gerast brautryðjendur á mjög merkilegu sviði. Því að eg hygg að á engu sviði opnist læknisfræðinni stærri mögu-leikar en einmitt bessu. En hins-vegar get eg ekki séð neinar lik-ur til að lækningar af þessu tagi verði að verulegum notum fyr en vísindin koma þar til, ekki síður en þegar um radiumnotkun og Röntgengeislun er að ræða. Og um lifgeislana na verður ekki framar með skyn-semd efast, svo margir eru þeir vísindalega mentuðu menn sem kemur saman um að hún eigi sér stað. Læt eg hér nægja að nefna rannsóknir dr. Sydney Alrutz, hins sænska sálufraeð-ings og háskólakennara, sem m. a. gat fengið vöðva til að hreyfast með því að benda á hann.

II.

Erfiðara verður að fá mein til að sjá að framliðnir læknar komi hér til greina og vilji enn hafa áhrif í sömu átt og þeir höfðu meðan heir lifðu hér á jörðu. En þó má, ef rétt er að farið, ganga alveg úr skugga um að þetta er þannig. Og það virðist heldur ekki litið liklegt, að þeir sem nú hafa öðlast full-komnari þekkingu en þeir höfðu hér á jörðu, sem nú vita, að öll veikindi má lækná, öll mein græða, og það á skömmum tíma, hafi ærinн hug á að reyna, ef unt væri, að koma einhverju áleiðis í þeim efnum hér á jörðu. Hugsið ykkur mann eins og Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri, sem fyrir meir en 700 ár-um var svo merkilega slyngur skurðlæknir, eða svo að eg nefni samtíðarmann, professor Guðmund heitinn Magnússon, og hversu óliklegt það er, að slikir menn hafi gleymt góð-vild sinni og áhuga á að hjálpa hinum bágstöddstu, eða týnt niður snildárgáfunni.

III.

Hér er það sem eg hygg að íslenskir læknar gætu haft hin ágætustu áhrif á framfarir læknisfræðinnar með því að taka rétt á þessum málum og þannig; að svo örugt og mis-skilningslitið samband kæmist á við hina framliðnu lækna, að hinn aukni máttur þeirra og þekking geti orðið til að hjálpa og leiðbeina. En þó hygg eg að þetta geti aldrei örugglega orðið, fyr en í þessari viðleitni er gert ráð fyrir því, að hinnir framleiða læknar séu allveg eins líkamlega lifandi og þeir voru hér á jörðu og byggi ekki neinn yfirnáttúrlegan, óskiljanlegan andaheim, heldur einhverja aðra jörð. Og viðtækari þýðingu mundi slik framkomna læknanna hafa en nú var á vikið. Hún mundi geta átt hinn drýgsta þátt i að koma á því sambandi við fullkomnari tilverustig, sem oss riður svo af-armikið á hér á jörðu. Fara nú vaxandi, ár frá ári, hæturnar sem yfir vosa og verður ekki með öðru móti afstýrt. Á þetta ekki síst við um Íslendinga, því að hér er sú menningarþjóð sem að öllum líkendum mun fyrst undir lok líða, ef ekki tekst að breyta um til batnaðar. En þeir sem nokkurt vit hafa á

sambandsþýðingu viðburðanna, mega af þeim tiðindum sem í árslokin urðu, marka hversu illa hér stefnir. Muni Keflavíkurbruninn vera eitt-hvert slysalegasta slysið, sem hér á landi hefir orðið, og ilt til þess að vita að á ennþá verra skuli vera von, ef tilraunir þær sem á æðri stöðum er verið að gera til að hjálpa oss, takast ekki. Einhverjur kunna að segja að góðar yerur mundu hafa að bjargað börnum og gömlu konunum, sem svo hroðalegan dauðdaga fengu í logunum, ef þær aðeins hefðu viljað, en þeir sem þannig hugsa, gera sér rangar, hugmyndir um góðar verur og um fyrirkomulag heimsins. Það er merkilegur sannleikur fólginn í orðum fornspekinsins sem sagði: hið guðlega nær ekki til ver hér á jörðu, vér erum exó tu þeiú. Og það sem mest riður af öllu; er að vér stuðlum að því að hið guðlega nái hér tökum, með því að efla og ástunda góðleik og sannleik.

24. jan.

Helgi Pjetursen

Ljós 26 jan. 1936